

Um RÚV og íslenska stjórnslu

Ég er afar ósáttur við, að forsjármenn þjóðarinnar við Austurvöll skuli skylda mig til að fjármagna RÚV. En stundum jaðrar við, að ég fyrirgefi slíkt (lýðræðislegt) gerræði vegna starfssemi Kastljóss, sem enn á ný varpar ljósi á siðlausa aula- og afglapastjórnslu í landinu. Íslenskir embættismenn hafa öldum saman farið sínu fram, kúgað alþýðu manna með okri og ofbeldi af ýmsu tæi, m.a. þrælubúðavist, drekkingum og brennum. Enda er íslensk þjóð trúlega sú þræslundaðasta á byggðu bóli. Það er sorglegt, að nánast í hverju mikilvægu efni, er lítur að sjálfsagðri siðvendni, hátterni og hæfni, þurfi landinn að sækja rétt sinn til fleirþjóðlegra dómstóla. Það þurfti meira að segja reiðhjólmann á Akureyri til að knýja fram aðskilnað ákæru- og dómsvalds í héraði - á þessu méli meira að segja. Þessi endemi hljóta að verða til þess, að fólk leiði í alvöru hugann að nánari og skilyrðislausri tengingu við siðmenntaðri þjóðir.